SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

FUNDARGERÐ

HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFNDAR

Þann 20. október 2026 var haldinn fundur í hafnar- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Skagastrandar. Fundurinn fór fram á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3 og hófst kl. 16:00.

Á fundinn voru mætt Guðni Már Lýðsson (GML), formaður, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir (VEÞ), varaformaður, Jóhann Guðbjartur Sigurjónsson (JGS), Stefán Sveinsson (SS) og varafulltrúinn Björn Hallbjörnsson (BH), sem sat fundinn í forföllum Ingimars Vignissonar.

Jafnframt sat Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), sveitarstjóri, fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Erindisbréf hafnar- og skipulagsnefndar

Erindisbréfið er lagt fram og rætt

Lagt fram.

2. Starfsáætlun hafnar- og skipulagsnefndar

Rætt var um starfsáætlun hafnar- og skipulagsnefndar.

Nefndin telur rétt að stefnt skuli að því að hún fundi að jafnaði þrisvar að haust og þrisvar að vori. Fundir fari fram á fyrsta miðvikudegi mánaðar og hefjist kl. 16:30.

3. Hugsanlegt samstarf vegna embættis skipulags- og byggingafulltrúa

Mál frá fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar sem fór fram 19.08.2026 þar sem óskað var eftir samtali við Húnabyggð um hugsanlegt samstarf sveitarfélaganna um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Fram kom að samtöl hafa átt sér stað á milli sveitarfélaganna vegna þessa.

Lagt fram. Hafnar- og skipulagsnefnd leggur áherslu á að niðurstaða fáist í málið sem allra fyrst.

4. Aðalskipulag Húnabyggðar

Mál frá fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar sem fór fram 14.10.2026. Varðar erindi frá Skipulagsgátt dags. 10.09.2026 þar sem vakin er athygli á að Húnabyggð hafi óskað eftir umsögn varðandi *Aðalskipulag Húnabyggðar 2025-2037, nr. 1293/2024 Auglýsing tillögu (nýtt aðalskipulag)*. Sveitarstjórn vísaði málinu til

VEÞ GML BH JGS SS

umfjöllunar í hafnar- og skipulagsnefnd og fól sveitarstjóra að rita umsögn í framhaldi af þeirri umfjöllun.

Hafnar- og skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Skagastrandar telur ekki ástæðu til þess að gera athugasemd varðandi framlagaða tillögu að nýju aðalskipulagi Húnabyggðar 2025-2037.

5. Málefni slippsins á Skagaströnd

Mál frá fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar sem fór fram 14.10.2026.

Hafnar- og skipulagsnefnd telur mikilvægt að tryggt sé að slippurinn á Skagaströnd verði áfram í rekstri. Sveitarstjóra er falið að taka saman upplýsingar vegna málsins og leggja fram á næsta fundi nefndarinnar.

6. Hafnasambandsþing 2026

Erindi frá Hafnasambandi Íslands dags. 14.09.2026 þar sem boðað er til Hafnasambandsþings 2026.

Lagt fram. Fram kom að sveitarstjóri sæki þingið fyrir hönd Skagastrandarhafnar og fer með atkvæði hafnarinnar. Með honum á þinginu verður hafnarvörður.

7. Stjórn Hafnasambandands Íslands

Fundargerð stjórnar Hafnarsambands Íslands sem fór fram 19.08.2026.

Lagt fram.

8. Önnur mál

a) Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir að Vigdís Elva Þorgeirsdóttir verði ritari nefndarinnar.

b) Rætt var um ýmis atriði er varða rekstur hafnar og viðhald.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:25.